

**7. fundur Starfshóps um Sementsreit, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti  
16-18,  
16. febrúar 2015 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Rakel Óskarsdóttir formaður, Dagný Jónsdóttir, Bjarnheiður Hallsdóttir, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hildur Bjarnadóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1409162 - Starfshópur um Sementsreit**

**1. Mánabraut 20**

Rætt um framtíð hússins við Mánabraut 20. Ríkið er með 57% eignarhlut á mótí 43% eignarhlut Akraneskaupstaðar. Ef halda á í húsið er ljóst að fara þarf í töluverðar viðhaldsaðgerðir. Velt upp breyttu eignarhaldi á húsinu þ.e. Akraneskaupstaður eignist húsið hugsanlega að fullu.

**2. Rammaskipulag-verkefnalýsing**

Farið yfir drög að verkefnalýsingu fyrir rammaskipulagi á Sementsreit. Leitað verði til a.m.k. tveggja skipulagshönnuða til að fá hugmyndir að rammaskipulagi svæðisins miðað við ákveðnar forsendur sem lagðar verða fram. Tillögur yrðu síðan kynntar á almennum íbúafundi þar sem leitast yrði að fá viðbrögð íbúa. Í framhaldinu færi síðan af stað vinna til að klára endanlegt skipulag fyrir reitinn.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Rakel Óskarsdóttir  
Dagný Jónsdóttir  
Bjarnheiður Hallsdóttir  
Hildur Bjarnadóttir  
Sig. P. Harðarson